

Aðalfundur Bláa skjaldarins í Vín, september 2017 og verkefni landsnefndarinnar

Karen Sigurkarlsdóttir hefur lokið BA prófi í forvörslu og starfar sem forvörður á Þjóðskjalasafni Íslands.

Nathalie Jacqueminet hefur lokið MA prófi í safnafræði ásamt MS prófi í forvörslu og B.A. próf í listasögu. Hún starfar sem varðveislustjóri á Þjóðminjasafni Íslands.



Gestir á ársþingi Bláa skjaldarins í Vín.

Í þessari grein er fjallað um aðalfund Bláa Skjaldarins á haustdögum 2017 og verkefni hans á Íslandi.

Blái skjöldurinn - *International Committee of the Blue Shield* - var stofnaður árið 1996 á grundvelli Haag sáttmálans¹ (1954), til að vinna að verndun menningararfs sem er í hættu vegna hamfara. Upphaflega átti þetta einungis við um menningarminjar í stríðshrjádum löndum en seinna bættust náttúruhamfarir inn á aðgerðarlistann

Það voru aðilar alþjóðasamtaka safna (ICOM), menningarminjastaða (ICOMOS), skjalasafna (ICA) og bókasafna (IFLA) sem stóðu að stofnun þessara samtaka. Landsnefndir Bláa skjaldarins eru 25 talsins í dag og þann 24. október 2014, á degi Sameinuðu þjóðanna, var landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi stofnuð, en Íslendingar þekkja mætavel afl náttúrunnar og þær hamfarir sem geta orðið af hennar sökum á mannlegt samfélag (Njörður Sig-

urðsson, 2017)

Aðalfundur Bláa Skjaldarins var haldinn í Vín í Austurríki dagana 12.-16. september síðastliðinn og í fyrsta skipti tóku tveir stjórnarmeðlimir íslensku landsnefndarinnar þátt, Nathalie Jacqueminet (ICOM) og Karen Sigurkarlsdóttir (ICA). Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Vínarborgar sem er mikilfengleg bygging byggð á árunum 1872-1883 í neo gotneskum stíl og var öll umgjörð hin glæsilegasta. Fundargestir voru um 50 talsins og komu víða að. Helmingur gestanna voru fulltrúar landsnefnda BS en hinir gestirnir, flestir virkir á sviði menningarmála í sína landa, var boðið til að fylgjast með og taka þátt í umræðum. Vegna tengsla BS við herinn mættu margir fundargesta í fullum herskrúða sem er óvenjuleg sjón að minnsta kosti fyrir flesta Íslendinga. Dag-skráin var þéttsetin en ekki verður hægt að rekja öll atriði hennar hér.

¹ The 1954 Hague Convention for the Protection of Cultural Property in the Event of Armed Conflict and its two (1954 and 1999) Protocols - <http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001875/187580e.pdf>


Breytingar og framfarir í þágu verndar

Á síðasta ári hefur verið unnið að breytingum laga samtakanna til að einfalda stofnunarferli landsnefnda. Samhliða hefur stjórn alþjóðanefndarinnar ásamt hópi félagsmanna samið drög að stefnu samtakanna „the Blue Shield Approach“ sem er ætlað að nota sem ramma fyrir alþjóða- og landsnefndina til að fara eftir.

Þetta er um 20 blaðsíðna plagg sem lýsir stefnumörkun og aðferðafræði BS. Landsnefndum eru ekki settar þröngar skorður í skjalinu svo fremi sem Haag sáttmálinn frá 1954 sé hafður í fyrirrími. Aðstæður landanna eru mjög ólíkar hvað varðar stöðugleika, frið, frelsi, menningu og sögu. Þess vegna telst nauðsynlegt að leyfa ákveðinn sveigjanleika varðandi til dæmis eigin markmið landsnefnda. Sumir leggja áherslu á að vera fyrst og fremst stuðningsaðilar og veita upplýsingar, aðrir hafa burði til að taka þátt í aðgerðum.

Í stuttu máli eru helstu grunnþættir stefnunnar: a) samhæfing (Bláa skjaldarins og annarra samtaka), b) stefnumótun, c) fyrirbyggjandi aðgerðir og áhættumat, d) menntun og þjálfun, e) viðbragðsáætlanir og f) endurheimtur og stuðningur til lengri tíma.

Þá er mikilvægt að hlutverk Bláa skjaldarins verður skýrari gagnvart öðrum alþjóðasamtökum eins og UNESCO,



Árþingsgestir í verkefnavinnu. ©Marlene Kloster Hedegaard (Blue Shield Denmark).

ICCROM, ICA, ICOM og IFLA og um leið gert mikið úr öflugu samstarfi við önnur samtök og stofnanir.

Á fyrsta degi fundarins var unnið í litlum hópum og rýnt í drögin og svo unnið úr þeim athugasemdum sem komu. Að lokum var samþykkt að vinna betur í textanum og reyna að fullklára plaggid á næstu misserum.

Ný stjórn

Síðan 2014 hefur eingöngu varastjórn verið starfandi hjá alþjóðasamtökunum. Kosið var um nýja stjórn og var ánægjulegt að sjá hve margir buðu sig fram, sem ber vott um áhuga og framtíðarsýn. Karl von Habsburg-Lothringen frá Austurríki var endurkjörinn forseti stjórnar en hann



Safnahúsið á Húsavík, menningarmiðstöð Pingeyinga.

hefur gegnt því hlutverki frá árinu 2008. Hann á langan feril að baki á vettvangi stjórn mála, fjölmiðla og hersins þar sem hann hefur komið að verndun menningarminja. Aðrir sem kosnir voru í stjórn voru: Bae Kidong frá Suður-Kóreu sem situr í stjórn ICOM þar í landi og er prófessor í fornleifafræði; Manana Trevadze frá Georgíu, en hún hefur komið að mörgum menningartengdum verkefnum í sínu heimalandi auk þess að vinna fyrir UNESCO; Nancy Wilkie frá Bandaríkjunum er fornleifafræðingur og er einn af stofnendum Bláa skjaldarins þar í landi og hefur verið formaður samtakanna frá 2013; Peter Stone frá Englandi en hann hefur verið mjög virkur í starfi samtakanna. Hann er prófessor við Newcastle háskóla og yfirmaður Alþjóðamiðstöðvar menningar og menningararfs, við sama skóla. Þá hefur hann verið sérstakur ráðgjafi breskra yfirvalda þegar kemur að verndun menningarminja á stríðshrjáðum svæðum².

Ný stjórn mun halda áfram með að móta stefnu og framtíðarsýn Bláa skjaldararins auk þess að taka á fjármálum samtakanna en þau eru lítið fjármögnuð og því ekki ráðrúm fyrir mikla yfirbyggingu.

Starf Bláa skjaldarins víða um heim

Að kosningu lokinni kom röðin að fyrirlestrum en þeim var skipt upp í nokkra flokka eftir viðfangsefni. Margir fyrirlestranna fjölluðu um hlutverk hersins í verndun og björgun menningarminja á stríðshrjáðum svæðum. Herinn kemur reyndar einnig að uppbyggingu þar sem náttúruhamfarir hafa riðið yfir. Landsnefndir Bandaríkjanna og Bretlands voru áberandi og hafa verið í fararbroddi í þjálfun hermanna á þessu sviði víða um heim³. Í öllum tilfellum voru lagðar áherslur á samstarf við heimamenn og tekið fram að aðstoð í útlöndum er veitt eingöngu ef hún er velkomin og skal mannslífum aldrei stefnt í voða við björgun eða verndun menningarminja.

Eins og áður hefur verið nefnt hefur björgun menningarminja á svæðum þar sem náttúruhamfarir hafa riðið yfir verið bætt á aðgerðarlistann af Bláa skildinum. Fjölluðu nokkrir fyrirlestranna um það viðfangsefni, sem er

2 <http://www.ncl.ac.uk/press/articles/archive/2015/10/peterstoneunescochair>

3 Bandaríkjamenn voru mjög áberandi en þeir hafa verið mjög virkir í samtökunum frá upphafi sérstaklega á sviði endurmenntun hermanna. <https://www.uscbs.org/>

okkur Íslendingum að mörgu leyti skylt. Fróðlegt var til dæmis að heyra um markvissa þjálfun heimamanna og aðkomumanna við björgun menningarminja í Tíbet eftir hina stóru jarðskjálfta sem riðu yfir árið 2015. En það voru ICCROM-samtökin sem stóðu fyrir þeirri þjálfun. Þá voru reynslusögur af svipuðum hamförum á Ítalíu. Einnig var nokkuð fjallað um björgun menningarminja vegna fellibylja sem geisad hafa á suðvesturhluta Bandaríkjanna og eyja í Karíbahafi en þær aðgerðir voru ennþá í gangi á meðan á fundinum stóð og gátu fundargestir hlýtt á fyrirlesara í útkalli í gegnum *Skype* og þannig fengið ákveðna innsýn í þær erfiðu aðstæður sem björgunarfólk þarf að glíma við á hamfararsvæðum.

Verkefni allra landsnefnda voru að lokum kynnt í einni samantekt. Það vakti athygli að Ísland býr ekki yfir her sem getur komið að fyrstu viðbrögðum ef vá steðjar að og þarf að treysta á aðrar leiðir sem lesa má um hér á eftir.

Það er óhætt að segja að verkefni Bláa skjaldarins eru margskonar og flækjustigin eftir því. Mikilvægt er að byggja upp traust tengslanet og tryggja aðgengi að þekkingu og reynslu sem nýtist áfram⁴. Þá er þörf er fyrir betri samhæfingu á milli félaga sem starfa á svipuðum vettvangi.

Verkefni á Íslandi

Á árinu 2017 vann Íslandsdeild Bláa skjaldarins að sínu fyrsta verkefni tengdu viðbrögðum við vá. Verkefnið ber yfirskriftina „Pilot verkefni í Norðurþingi“ og hefur verið styrkt af safnasjóði. Unnið var að því að meta hagnýtni og raunhæfni viðbragðsáætlunar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Val landsvæðis og stofnunarinnar var engin tilviljun. Menningarmiðstöð Þingeyinga hefur sérstöðu sem hentaði verkefninu vel því að undir sama rekstri er að finna margar menningarstofnarnir svo sem héraðsskjalasafn, bókasafn, Bygðasafn Suður-Þingeyinga-Grenjaðarstað, Bygðasafn Suður-Þingeyinga Safnahúsið á Húsavík, Bygðasafn Suður-Þingeyinga Sjóminjasafn og Bygðasafn Norður-Þingeyinga við Snartarstaði.

Tekin var staðan á viðbragðáætlun minjasafnsins, skjalasafnsins og bókasafnsins hvað varðar björgun safnkosts ef stór jarðskjálfti riði yfir á Húsavík. Athugað var einnig hvernig þessi áætlun tengdist aðgerðaáætlun almannavarna á þessu svæði. Haft var samband við alla aðila sem hafa reynslu af viðbrögðum við náttúruhamförum í Norðurþingi í þeim tilgangi að læra af þeim (til dæmis Rauða krossinn) eða að leita samstarfs (Almannavarnir) og kanna möguleika á að fá til dæmis aðstoð björgunarsveita vegna ýmissa verkefna eftir slík áföll.

Vinnan við verkefnið var afar lærdómsrík en niðurstöðurnar komu á óvart því til dæmis var Menningarmiðstöðin ekki á lista yfir opinberar byggingar sem Almannavarnir töldu nauðsynlegt að athuga eftir hamfarir (Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu, 2013). Þegar spurt var um björgunaraðgerðir kom í ljós að menningarverðmæti væru ekki á neinum forgangslista.

Staða í litlu samfélagi eftir hamfarir er viðkvæm. Flestir upplifa áfall og ringulreið og hafa áhyggjur af líðan sinna nánustu. Þannig gætu liðið margir dagar áður en hægt yrði að huga að björgun menningarverðmæta og því er mikilvægt að vera með áætlun þar sem tilgreint er hverjir taka þátt: heimamenn, utanaðkomandi aðilar eða hvoru tveggja?

Seinni hluti verkefnisins felur í sér að búa til leiðbeiningar til að hjálpa söfnum/bókasöfnum/skjalasöfnum að fara í gegnum þetta ferli og tengja sig við aðila sem geta tekið þátt eða haft áhrif á skipulagningu björgunaraðgerða. Í framhaldi verður unnið að kynna niðurstöður verkefnisins fyrir hagsmunaaðilum svo sem eigendum safna, aðildarfélögum Bláa skjaldarins, safnastarfsfólki, minjavörðum, almannavörnum og þeim aðilum sem sinna björgunarstarfi í landinu. Stefnt er að því að kynna verkefnið á sameiginlegum fundum þessara aðila, ársfundum, aðalfundum, málþingum og farskólum.

Fulltrúar Bláa skjaldarins vilja hvetja aðstandendur safna í að vinna í sameiningu að endurskoðun og úrbótum á viðbragðs og -björgunaráætlun þeirra. Mikilvægt er að koma af stað umræðu um ábyrgðarsvið hagsmunaaðila og ræða samhæfingu við björgun menningarverðmæta. Þar skiptir miklu að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir en ekki síður raunhæfar og vel skipulagðar áætlanir um viðbrögð eftir hamfarir.

Lesendur sem hafa áhuga á þessu eru hvattir til að kynna sér heimasíður Bláa skjaldarins: <http://www.ancbs.org/cms/en/about-us> og www.blaiskjöldurinn.is

Hægt er að fylgjast með starfsemi BS á Íslandi á facebook:

<https://www.facebook.com/blueshieldiceland/>

Heimildir

- Njörður Sigurðsson. (2017). Blái skjöldurinn – samstarf um verndun menningarverðmæta. *Bókasafnið*, 41, 26.
- Ríkislögreglustjórnin, Lögreglustjórnin á Húsavík, Almannavarnanefnd Þingeyinga (2013). Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslu : Útgáfa 1.0, 06.03.2013.

4 <http://www.ancbs.org/cms/en/home2/9-on-file-past-damage/11-blue-shield-network>